

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Bjarkar í Grímsnesi.

Skipulagssvæðið er 83 ha spilda og er gert ráð fyrir 57 lóðum á bilinu 5.300 til 9.500 m² að stærð þar sem heimilt verður að reisa frístundahús á bilinu 50-200 m² auk 25 m² aukahúss. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. september 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. október 2007